

150. löggjafarþing 2019–2020.  
Þingskjal 649 — 438. mál.  
Síðari umræða.

## Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóri Ibsen frá utanríkisráðuneyti og Jóhann Guðmundsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. maí og 3. júní 2019.

Samningurinn kveður á um heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árunum 2019 og 2020. Hann gerir ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árunum 2019 og 2020. Samkvæmt samningnum eru íslenskum skipum heimilar veiðar á allt að 1.300 lestum af makríl innan færeyskrar lögsögu á árunum 2019 og 2020.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 3. júní 2019 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Ari Trausti Guðmundsson og Gunnar Bragi Sveinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. desember 2019.

Sigríður Á. Andersen,  
frsm.

Bryndís Haraldsdóttir,  
frsm.

Logi Einarsson.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Smári McCarthy.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.